

Eystrahorn

11. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 17.mars 2022

www.eystrahorn.is



Menningarverðlaun 2022 voru afhent föstudaginn 11. mars við hátíðlega athöfn í Nýheimum ásamt styrkjum og viðurkenningum frá Sveitarfélaginu Hornafirði. Hanna Dís Whitehead hlaut menningarverðlaunin í ár. Á myndinni má sjá Hönnu Dís ásamt öðrum viðurkenningar- og styrkhöfum. Sjá nánar á bls. 5

Afmælistíðing Rannsóknasetursins

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði fagnar 20 ára afmæli um þessar mundir en setrið var stofnað í nóvember 2001. Af því tilefni verður ársfundur rannsóknasetra haldinn á Höfn 23.-24. mars og fyrri daginn verður boðað til veglegs afmælistíðings í Nýheimum þar sem starfsmenn nokkurra setra munu kynna rannsóknaverkefni sín. Ýmsir gestir koma til þess að taka þátt og munu Jón Atli Benediktsson rektor, og Áslaug Arna Sigurðardóttir ráðherra bæði flytja ávörp á málþinginu. Málþingið er öllum opið og því verður einnig streymt.

Fundarstjóri er Soffía Auður Birgisdóttir fræðimaður við Rannsóknasetur HÍ á Hornafirði.



Nálgast má blaðið og eldri blöð á www.eystrahorn.is

AÐALSAFNAÐARFUNDUR

Aðalsafnaðarfundur Bjarnanes-
sóknar verður haldinn í
Bjarneskirkju mánudaginn
28. mars kl. 20:00.

Venjuleg aðalfundarstörf.
Sóknarnefndin

Aðalsafnaðarfundur Hafnarsóknar
og stjórnar Kirkjugarðanna í
Hafnarsókn verður haldinn
fimmtudaginn 7. apríl kl. 17:30
í Safnaðarheimilinu.

Venjuleg aðalfundarstörf
Sóknarnefnd Hafnarsóknar

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



SAMVERA föstudaginn

18. mars kl. 16:00. Heimsækjum
Fablab í Vöruhúsinu.

Ath. breyttan tíma, kl. 16:00.

VÖFFLUKAFFI OG TÓNLEIKAR með
Ekrubandinu sunnudaginn 20. mars
kl. 15:00.

Höfum gaman saman.

AÐALFUNDUR Félags eldri Hornfirðinga
verður í Ekru 30. mars kl. 17:00.
Nánar auglýst síðar.

AA fundir



Reglulegir AA fundir eru haldnir í Safnaðarheimili Hafnarkirkju
miðvikudaga kl. 20:00 og laugardaga kl. 17:30

Til þess að gerast AA félagi þarf aðeins eitt; Löngun til að hætta að drekka.

Salur til leigu

Sjálfstæðisfélag A- Skaft hefur vel
útbúinn sal til leigu í húsnæði
félagsins að Kirkjubraut 3

Upplýsingar veitir Stefanía
í síma 661-7525 eða á
stefanias@hornafjordur.is

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga



Jógaganga um aura Jökulsár í Lóni og
Hvannagil í Stafafellsfjöllum sunnudaginn
20. mars.

Gengið verður um litríka aura Jökulsár og farið inn í
Hvannagil, hversu langt fer eftir vatnsmagni árinna.
Hulda Laxdal Hauksdóttir leiðir gönguna sem verður
með jógaívaði og því gerðar léttar æfingar af og til
meðan á göngu stendur. Við lok göngu verður farið
upp að sumarbústaðnum Hlíðarkoti þar sem boðið
verður upp á heitt kakó.

Lagt verður af stað frá tjaldstæðinu kl. 10:00, einnig
er hægt að mæta við upphafsstað göngu, við mynni
Hvannagils kl. 10:40.

Gengið er á sléttlendi og er erfiðleikastuðullinn
metinn sem einn skór. Allir eru velkomnir í göngur
ferðafélagsins, ef hundar eru með í för eru þeir á
ábyrgð eiganda og taumur skal vera meðferðis.

Hugið að veðurspá, klæðið ykkur eftir veðri og munið
eftir nestinu.

Þátttökugjald í göngur ferðafélagsins er kr. 1.000
fyrir einstaklinga, kr. 1.500 fyrir hjón og frítt er fyrir
16 ára og yngri.



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:..... HLS ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjoarvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur:..... Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu
Eystrahorns?
Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

Má bíllinn ekki vera oftast heima?

Í þéttbýlinu á Höfn búa íbúar við þann munað að vegalengdir innanbæjar eru oftast stuttar. Í raun eru þær svo stuttar að líklegt er að hægt sé að ganga þær á 10-15 mínútum og hjóla á enn skemmri tíma. Þó er það svo að við veljum ansi oft þægindin sem fylgja því að setjast upp í bíl frekar en að klæða okkur örlítið betur og halda af stað gangandi eða hjólandi.

Staðreyndin er sú að breyttar ferðavenjur geta haft viðtæk áhrif, ekki aðeins fyrir umhverfið, heldur einnig fyrir andlega og líkamlega heilsu. Með færri bílum á götumum eykst jafnframt umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda, svo ekki sé minnst á sparnaðinn sem hlýst af því að skilja bílinn eftir heima í ljósi síhækkandi eldsneytisverðs.

Aðstæður á Höfn eru með besta móti til útivistar þar sem brattanum er ekki fyrir að fara auk þess sem vetrarfærð spillir sjaldnar fyrir en víða annars staðar. Að velja oftast að ganga eða hjóla, þau okkar sem það geta, eykur hreyfingu og útivist. Sterk tengsl eru á milli hreyfingar og útivistar og bættrar andlegrar og líkamlegrar heilsu, sem aftur getur dregið úr álagi á heilbrigðiskerfið.

Að velja oftast að ganga eða hjóla, nú eða nota rafhlaupahjól eða aðra

virka ferðamáta, dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda. Því fleiri sem nýta aðra ferðamáta en bílinn aðeins oftast því meiri árangur næst í markmiðum um losun á þeim.


Til að hvetja fólk til að skoða sínar ferðavenjur unnu Orkusetur og Vistorka að tæknilausn utan um alþjóðlega hugmyndafræði sem snýst um að allir íbúar geti fullnægt flestum þörfum sínum í stuttri göngu- eða hjólaferð frá heimili sínu. Verkefnið samanstendur af vefsíðu, appi og prentuðu korti og segir einn af hönnuðum verkefnisins fólk oft vanmeta hversu langt það kemst án þess að nota einkabílinn.

Tæknilausnin nefnist kortER en þar er hægt að fletta upp heimilisföngum eða öðrum staðsetningum til að komast að því hversu langt þaðan viðkomandi kemst á 15 mínútum.

Á meðfylgjandi mynd sýnir græni liturinn hve stórt svæði er í 15 mínútna göngufjarlægð frá Miðbæ. Sömu forsendur eiga við um bláa litinn ef viðkomandi væri hjólandi.

Ég hvet lesendur til þess að kynna sér kortER og athuga hvort ekki sé hægt að skilja bílinn oftast eftir heima.

Stefán Aspar Stefánsson
Verkefnastjóri umhverfismála



AÐALFUNDUR UMF
Mána verður haldinn
mánudaginn 8. mars
kl. 20:00 í Mánagarði.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin



Ársfundur Náttúrustofu Suðausturlands verður haldinn þann 24.mars 2022 kl. 13:00. Fundurinn verður í fyrirlestrasal Nýheima á Höfn en verður einnig streymt á Fésbók.

Dagskrá

Venjubundin aðalfundarstörf

Erindi úr starfi stofunnar:

- **Snævarr Guðmundsson:** Þýðing jöklarannsóknna á Suðausturlandi
- **Lilja Jóhannesdóttir:** Skúmar – Skemmtilegt myndefni úr rannsóknarvinnu



NÁTTÚRUSTOFA
SUÐAUSTURLANDS

ÁRSFUNDUR

Nýheima þekkingarseturs

Ársfundur Nýheima þekkingarseturs verður haldinn í Nýheimum fimmtudaginn 24. mars kl. 15:00

Dagskrá:

Venjubundin ársfundarstörf.

Kristín Vala Þrastardóttir, verkefnastjóri Nýheima þekkingarseturs fjallar um þjónustu setursins við fjarnema Hornafjarðar.

Óli Halldórsson forstöðumaður þekkingarnets Þingeyinga kynnir niðurstöður verkefnisins Byltingar og byggðapróun.

Allir velkomnir og hvattir til að mæta.
Stjórn Nýheima þekkingarseturs



Bæjarmálafundur

Laugardaginn 19.mars kl 10:30 verða væntanlegir frambjóðendur í komandi sveitarstjórnarkosningum fyrir Sjálfstæðisfélag A- Skaft í spjalli um það sem brennur á fólki í húsi félagsins að Kirkjubraut 3

Allir velkomnir

D

Kaffiveitingar

Laus störf sumarið 2022



Óskum eftir að ráða kraftmikið og duglegt fólk til almennra hótélstarfa á Hótel Eddu Höfn. Starfsreynsla er æskileg.

Hótelið er opið frá 1. maí til 30. október. Leitað er að fólk í almenn hótélstörf sem felast meðal annars í þrifum hótélherbergja og vinnu í þvottahúsi. Einnig í gestamóttöku, framreiðslu á morgunverði og næturvörslu.

Nánari upplýsingar veitir Signý Rafnsdóttir í tölvupósti signy@icehotels.is

Hægt er að senda inn umsókn á rafrænu formi á heimsíðunni www.icelandairhotels.com/is

Umsóknarfrestur er til 30. mars n.k. og verður öllum umsóknum svarað.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Íbúafundur

Skóla- og íþróttasvæði á Höfn og hönnun líkamsræktar við sundlaug

Sveitarfélagið Hornafjörður boðar til íbúafundar **mánudaginn 21. mars n.k. kl: 17:00 í Heppuskóla.**

Á dagskrá fundarins er kynning á drögum að deiliskipulagi Miðsvæðis Hafnar skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og kynning á viðbyggingu við sundlauginu fyrir líkamsrækt.

Markmið með deiliskipulaginu er m.a. að styrkja miðsvæði bæjarins umhverfis skóla- og íþróttasvæðið og efla svæðið sem aðlaðandi útivistarsvæði til samverustunda og mannfagnaðar, allan ársins hring.

Markmið með byggingu líkamsræktar við sundlauginu er að stuðla að heilsuefningu íbúa og bæta íþróttastöðu í sveitarfélaginu í samræmi við stefnumótun Sveitarfélagsins Hornafjarðar um Heilsuefndi samfélag.

Fundinum verður einnig streymt á vefnum og verður hægt að nálgast tengil á fundinn á heimasíðu sveitarfélagsins þegar nær dregur.

*Brynja Dögg Ingólfsdóttir umhverfis- og skipulagsstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Spilliefni og lítil raftæki

Spilliefni og lítil raftæki verða sótt í dreifbýli sveitarfélagsins dagana 22.-25. mars. Þjónustan er gjaldfrjál og eru íbúar hvattir til að nýta sér hana.

Þeir sem vilja nýta sér þessa þjónustu eru beðnir um að hafa samband við **Ragnar hjá Íslenska Gámafélaginu á Höfn í síma 840-5739 eða með því að senda tölvupóst á afgreidsla.hofn@gmail.is í seinasta lagi mánudaginn 21. mars.**

Spilliefni eru t.d. rafgeymar, málning, gashylki, slökkvitæki, koppafeiti og spartsl.

Lítil raftæki eru t.d. símar, jólaseríur, tölvur, framlengingarsnúgur og lyklaborð.

Verkefnastjóri umhverfismála



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Breyting á deiliskipulagi Hafnarbraut 4 og 6 á Höfn

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar auglýsir tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hafnarvík -Heppa samkvæmt 43. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Byggingareitir lóða við Hafnarbraut 4 og 6 stækka og verða samtengdir. Heimild verður fyrir þriggja hæða byggingu og kjallara á lóð nr. 6 og allt að tveggja hæða viðbyggingu og kjallara á hluta lóðar nr. 4. Gert er ráð fyrir um 20 bílastæðum í kjallara.

Allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi og því er fallið frá kröfu um lýsingu.

Tillagan verður til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is undir skipulag í kynningu og á bæjarskrifstofum að Hafnarbraut 27 frá og með 17. mars til 28. apríl 2022.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á skipulag@hornafjordur.is fyrir **28. apríl 2022.**

*Brynja Dögg Ingólfsdóttir umhverfis- og skipulagsstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Menningarhátíð í Nýheimum

Föstudaginn 11. mars var mikið um dýrðir hér í Hornafirði, en þá var haldin vegleg menningarhátíð sveitarfélagsins í Nýheimum, þar voru afhentir styrkir og viðurkenningar þess.

Alls voru 20 styrkir veittir, það voru styrkir atvinnu- og menningarmálanefndar, bæjarráðs, fræðslu- og tómstundaneftar, og styrkir úr atvinnu- og rannsóknarsjóði. Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri setti hátíðina og kom fram í máli hennar mikilvægi þess að koma saman og fagna fjölbreyttri menningu, umhverfisvitund og frumkvöðlastarfi í sveitarfélaginu því menning er samofin samfélaginu og órjúfanlegur hluti þess. Þá vakti hún athygli á að úthlutun og veiting verðlauna er í samræmi við heimsmarkmið 3 heilsa- og vellíðan, 9 nýsköpun og uppbygging, 8 góð atvinna- og hagvöxtur og 13 aðgerðir í loftslagsmálum.

Menningarverðlaun 2022 fyrir árið 2021

Menningarverðlaun hafa verið veitt frá árinu 1994 og í ár bárust 4 tilnefningar til verðlaunanna. Fram kom í ræðu Kristjáns Sigurðar Guðnasonar formanns atvinnu- og menningarmálanefndar að hlutverk verðlaunanna er að veita hvatningu til handa listamönnum, fræðimönnum og áhrifavöldum fyrir verk sín. Það að vera tilnefndur er heiður og sönnun þess að verkin ykkar skipta okkur máli.

Tilnefndir voru:

Kef Lavík - fyrir framlag þeirra til íslenskrar poppsenu, fyrir, ljóðræna, frumlega og stórbrotna texta.

Lind Draumland og Tim Junge - fyrir Galleri MUUR þar sem þau hjón hafa sett upp fjölda listsýninga á heimili þeirra og opnað fyrir gesti og gangandi.

Hanna Dís Whitehead - fyrir starf hennar í þágu menningarmála á Hornafirði og fyrir framlag hennar til listar og hönnunar.

Borkell Ragnar Grétarsson fyrir framlag hans til tónlistar og menningar í sveitarfélaginu.

Menningarverðlaun Hornafjarðar hlaut að þessu sinni Hanna Dís Whitehead fyrir starf hennar í þágu menningarmála á Hornafirði og fyrir framlag hennar til listar og hönnunar. Verk Hönnu Dísar hafa vakið verðskuldaða eftirtekt og er hún eftirsóttur hönnuður víðs vegar um heim. Hanna hefur haldið sýningar í heimabyggð, Reykjavík og víða erlendis og komið fram í ótal viðtölum bæði í blöðum og sjónvarpi. Hanna Dís hefur meðal annars unnið að fjölda sýninga og skipulagt listasmíðjur fyrir börn fyrir Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Svavarssafnið en hún hefur sérstakan áhuga á að yta undir listaáhuga barna.

Á árinu 2021 var Hanna á meðal hönnuða sem voru fengnir til að hanna



Hornfirski hljómsveitin Lubbarfir spiluðu fyrir gesti

vörur fyrir Listasafn Reykjavíkur - Ásmundarsafn. Í kjölfarið var hún með tvær sýningar á Hönnunarmars, einkasýningu í Norræna húsinu og samsýningu í Harbinger galleríinu. Þar á eftir tók hún þátt í samsýningu í Berg Gallery, Stance-linear narratives. Í sumari var hún svo með opna vinnustofu í Miklagarði þar sem hún vann út frá munum af byggðasafninu að gerð flosteppa. Í lok sumars var haldin sýning, og var hún vel sótt. Stuttu seinna fór hluti af þessum teppum ásamt skúlptúrum á sýninguna Pottþétt fimm í fötum í Gallery Port. Í lok október 2021 fór af stað auglýsingaherferð Eyjólf Pálssonar til að kynna fjölbreytileika íslenskrar hönnunar. Á stórum skjáum og strætóskýlum voru fjölmargar myndir settar í birtingu til að vekja athygli á málefnum. Verk úr vörulínu Hönnu Dísar Dialog, sem framleidd er á Hornafirði voru meðal þeirra sem valin voru í herferðina. Í lok árs 2021 hannaði hún jólaköttinn fyrir Rammagerðina en hann var innblásinn af norrænu jólaskrauti úr stráum og unnin úr höfrum úr Nesjum. Hún tók auk þess þátt í þremur jólasýningum í Reykjavík í Ásmundarsal, Listval og Gallery Port. Hanna Dís er nú með opna samsýningu í Ásmundarsal sem ber nafnið "Í öðru húsi" svo fátt eitt sé nefnt sem Hanna Dís hefur tekið sér fyrir hendur á líðnu ári.

Atvinnu- og rannsóknarsjóður

Bjarni Ólafur Stefánsson fulltrúi atvinnu- og menningarmálanefndar afhenti styrki atvinnu- og rannsóknarsjóðs, fram kom í máli hans að í ár hafi nefndinni borist sex metnaðarfullar umsóknir í sjóðinn. Hljóðaði heildarupphæð umsóknanna upp á rúmar 7,5 milljónir en alls voru 2,4 milljónir króna til úthlutunar. Einnig tók Bjarni Ólafur fram að meginhlutverk sjóðsins væri: „Að efla byggð og atvinnu í Sveitarfélaginu Hornafirði og er sjóðnum ætlað að veita styrki til verkefna sem lúta að atvinnuþróun, rannsóknun og nýsköpun í Sveitarfélaginu Hornafirði.“

Í ár var einni milljón úthlutað úr A-hluta og hlaut Sláturfélag

Austur-Skaftafellssýslu styrkinn fyrir verkefnið „Sláturfélag Austur-Skaftafellssýslu Gæðahandbók vegna sláturhúss og matarsmiðju“ Úr B-hluta var úthlutað 1,4 milljónum. Náttúrustofa Suðausturlands hlaut tvo styrki, annars vegar fyrir verkefnið „Risadiskur í Hornafjarðarhöfn“ og hins vegar fyrir verkefnið „Tröllasmiður í Hornafirði“. Enn fremur hlaut „Fuglaathugunarstöð Suðausturlands“ styrk fyrir verkefnið „Skúmur í Austur-Skaftafellssýslu“ og Rannsóknarsetur Háskóla Íslands, Hornafirði fyrir verkefnið „Sjónræn gögn – skriðjökklar“.

Umhverfisviðurkenningar

Sæmundur Helgason nefndarmaður í umhverfis- og skipulagsnefnd, veitti umhverfisviðurkenningar fyrir hönd nefndarinnar.

Tilgangur viðurkenninganna er að vekja íbúa sveitarfélagsins til umhugsunar um gildi náttúru og umhverfis fyrir samfélag og atvinnulíf og hvetja þá til að sýna því tilhlýðilega virðingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Í ár voru veittar viðurkenningar fyrir þrjú flokka: einstaklinga, fyrirtæki og lögbýli.

Í flokki einstaklinga hlutu þau Hulda Laxdal Hauksdóttir og Páll Róbert Matthiasson viðurkenningu fyrir snyrtilega lóð og sjálfbæra hugsun við Hafnarbraut 41 á Höfn. Þar er allur lífrænn úrgangur nýttur, annað hvort sem fóður fyrir hænurnar eða

til moltugerðar. Hænsnaskiturinn er svo nýttur í beðin og grænmeti er ræktað þar á sjálfbæran hátt. Skúli Ingibergur Þórarinnsson tók við viðurkenningunni fyrir þeirra hönd en Hulda var á námskeiði hjá Landbúnaðarháskóla Íslands að læra meira um vistvæna matjur tarrækt. Í flokki fyrirtækja hlutu þau Jón Kristinn Jónsson og Sigurlaug Gissurardóttir, fyrir hönd Brunnhóls Gistiheimilis, viðurkenningu fyrir ótult starf í umhverfismálum og snyrtilegt umhverfi fyrirtækis. Á Brunnhól hefur verið rekin myndarleg ferðaþjónusta allt frá árinu 1986 og umhverfisvitund í hávegum höfð. Þau hafa til að mynda hlotið umhverfisvottun Vakans, voru meðal fyrstu aðila í sveitarfélaginu til að taka í notkun tveggja þrepa fráveitu og hafa flokkað allt sorp í um 30 ár. Þar að auki hafa eigendur fyrirtækisins unnið ótullega að bættu aðgengi að hinni miklu náttúruvegurð sem umlykur svæðið.

Í flokki lögbýla hlaut Ragnar Pétursson viðurkenningu fyrir snyrtilegt lögbýli og frumlega innsetningu á Þorgeirsstöðum í Lóni. Nálægt afleggjaranum að bænum er einfaldur rauður stóll sem hefur orðið að gríðarlega vinsælum áningarstað fyrir ferðalanga sem staldra við og njóta einstaklega fallegs útsýnis. Þá hefur Ragnar verið til fyrirmyndar í tengslum við rétt almennings til útivistar en við vegslóðann inn í Þorgeirsstaðadal er skilti sem á stendur „Not private road“ eða

...framhald á næstu opnu



Barnastarf Hafnarkirkju og Skotveiðifélagið hlutu styrki frá Fræðslu- og tómstundaneftar

“Ekki einkavegur”. Slóðinn er því aðgengilegur öllum sem hafa áhuga á að fara um hann.

Sveitarfélagið Hornafjörður óskar viðurkenningarhöfum innilega til hamingju með árangurinn og hvetur íbúa sveitarfélagsins til að taka þau sér til fyrirmyndar, umhverfi og samfélagi til góðs. Jafnframt eru íbúar hvattir til að senda inn tilnefningar til umhverfisviðurkenninga fyrir árið 2022 í haust.

Menningarstyrkir, styrkir bæjarráðs og fræðslu- og tómstundanevndar

Alls bárust 10 umsóknir um menningarstyrki, og eru þeir veittir félagasamtökum og einstaklingum til menningartengdra verkefna. Fram kom í máli Kristjáns að með þessum styrkjum vilji nefndin hvetja og styrkja félagasamtök og einstaklinga til frekari starfa í þágu menningar.

Eftirtalin félagasamtök hlutu styrk að þessu sinni:

Blús og rokkklúbbur Hornafjarðar, Gleðigjafir, Samkór Hornafjarðar, Karlakórinn Jökull, Kvinnakór Hornafjarðar, Leikfélag Hornafjarðar, Lúðrasveit Hornafjarðar, Hornfirska skemmtifélagið, Félag Harmonikkunnenda og 785 FHM ehf.

Fræðslu og tómstundanevnd veitti styrki til barnarstarfs Hafnarkirkju og Skotveiðifélagsins.

Bæjarráð veitti styrki til Leikfélags Hornafjarðar fyrir götuleikhús, Vigdísar Maríu Borgarsdóttur fyrir Flugdag og Skógræktarfélag Austur- Skaftafellsýslu fyrir viðhald göngustíga og girðinga.

Athöfnin var hátíðleg að vanda hljómsveitin Lubbarnir fluttu vel valin lög í tilefni dagsins og hituðu upp fyrir blúshátíð sem haldin var um helgina.

Öllum styrk- og verðlaunahöfum er óskað til hamingju.



Margt fallegt og nýtsamlegt fyrir fermingarbarnið

Rúm, rúmgaflar, náttborð, rúmföt, lampar, vekjaraklukkur, útvörp speglar ofl í herbergið

Útivist: tjald, svefnpoki, bakpoki og fl.

Úrval af fallegum skartgripum

Opið virka daga frá kl. 13:00-18:00

Símar: 478-2535 / 898-3664



Í TÍLEFNI 60 ÁRA AFMÆLIS
LEIKFÉLAGS HORNAFJARÐAR

LEIKFÉLAG HORNAFJARÐAR OG
LESTA- OG HEHNINGARSVEIÐ FAS KYRHA.

HVERT ÖRSTUTT SPOR

HÖFUNDIR OG LEIKSTJÓRI:
STEFÁN STURLA
BYGGT Á LEIKRITI HALLDÓRS LAXNESS
"SILFURTÚNGLIÐ"

FRUMSÝNT 18.03.22
Í MÁNAGARÐI

19.3.22 KL. 20:00	20.3.22 KL. 20:00	24.3.22 KL. 20:00
20.3.22 KL. 16:00	22.3.22 KL. 20:00	25.3.22 KL. 20:00

Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
vildan fyrir alla

Íbúafundur um skipulagsmál og opið hús í Hrollaugstöðum

Sveitarfélagið Hornafjörður boðar til íbúafundar **miðvikudaginn 30. mars** vegna skipulagstillagna fyrir uppbyggingu íbúðarhúsnaðis við Hrollaugsstaði í Suðursveit. Á sama tíma verður íbúum boðið að skoða nýjar leiguíbúðir í gamla skólahúsnaðinu að Hrollaugstöðum. Opið hús hefst kl. 17:30 og fundur um skipulagsmál hefst í félagsheimilinu kl. 18:00.

*Brynja Dögg Ingólfsdóttir umhverfis- og skipulagsstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar*

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

HEFUR ÞÚ HLUSTAÐ Á HLAÐVARP EYSTRAHORNS ?

Hlustaðu á þættina á
www.eystrahorn.is/hladvarp
eða á Spotify



Leik- og grunnskólinn í Hofgarði fluttur tímabundið



Nú eru framkvæmdi hafnar í Hofgarði þar sem opnað verður á milli leikskólans og grunnskólans. Um leið verður leikskólahlutinn og salernin í samkomuhúsinu tekin í gegn.

Vonir standa til að þessar breytingar muni efla skólastarfið í Lambhaga og Grunnskólanum í Hofgarði um leið og húsakosturinn verður stórbættur allri sveitinni til hagsbóta.

Meðan á framkvæmdum stendur hefur skólastarfið verið fært í Efribæinn á Fagurhólsmýri. Starfsfólkið flutti alla nauðsynlega hluti yfir síðasta föstudag og þessa vikuna hafa nemendur og starfsfólk verið að venjast nýjum aðstæðum og koma sér fyrir. Þó að þetta sé töluverð röskun fyrir alla þá er starfsfólkið ákveðið í að líta á þetta sem tækifæri til að læra og prófa nýja hluti í skólastarfinu. Það eru því allir kátir í samreknum leik- og grunnskóla í Hofgarði sem nú er á Mýrinni og fólk ætlar svo sannarlega að njóta dvalarinnar þar og gera það besta úr hlutunum.

Framkvæmdum í Hofgarði á að vera lokið 1. ágúst.

Gróska félagslandbúnaður

Í desember á síðasta ári fékk Nýheimar Þekkingarsetur styrk úr Matvælasjóði til að vinna að þróun hugmyndar Grósku um félagslandbúnað í Hornafirði.

Markmið Grósku eru að virkja og fræða íbúa til sjálfbærrar matjurtaræktunar og verslun matvæla úr heimabyggð í þeim tilgangi að efla hringrás matvæla innan Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Unnið er nú að útfærslu hugmyndarinnar ásamt þarfagreiningu þar sem við viljum virkja tengsl milli neytenda og framleiðenda í Sveitarfélaginu. Draumur Grósku er að skapa sælureit á miðsvæði Hafnar í Hornafirði þar sem íbúar og gestir geta komið saman og fræðst um sjálfbæra ræktun.


Kynningarfundur verður haldinn í Nýheimum 22. mars næstkomandi klukkan 12:00, þar sem verður boðið upp á súpu og frekari kynningu á Grósku Félagslandbúnaði og verkefni. Við viljum hvetja alla að mæta.

Okkur langar einnig að biðja þig kæri lesandi að svara nokkrum lauflettum spurningum fyrir okkur sem mun hjálpa við framvindu verkefnisins.

Það ætti ekki að taka nema 2 mínútur svara, sjá link á könnun hér.



Frekari upplýsingar veita verkefnastjórar Grósku, Anna Ragnarsdóttir Pedersen (anna@nyheimar.is) og Guðný Gigja Benediktsdóttir (gudny@nyheimar.is)



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Aðal- og deiliskipulag Hrollaugsstöðum

Bæjarstjórn Hornafjarðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi 2012-2030, og tillögu að nýju deiliskipulagi að Hrollaugsstöðum í Suðursveit samkvæmt 1. mgr. 36. gr. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmið skipulagstillagnanna eru að fjölga íbúðum á svæðinu og móta hverfi sem hentar ólíkum fjölskyldugerðum. Einnig að tryggja gott aðgengi að félagsheimilinu og skapa ramma utan um opin svæði við Hrollaugsstaði.

Skipulagstillögurnar verða til sýnis frá 17. mars til 28. apríl 2022 á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is og í anddyri Ráðhúss Hafnarbraut 27, 780 Höfn. Aðalskipulagstillagan verður einnig til sýnis hjá Skipulagsstofnun að Borgartúni 7b, 105 Reykjavík.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar til og með **28. apríl 2022**. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is.

*Brynja Dögg Ingólfssdóttir umhverfis- og skipulagsstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Grenndarkynning vegna breytinga á Miklagarði og Verðanda

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir grenndarkynningu vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Hafnarvík – Heppa.

Fyrirhugaðar eru breytingar og endurbætur á Miklagarði, Verðanda og umhverfi þessara húsa.

Gert er ráð fyrir að byggja við og endurnýja Miklagarð við Krosseyarveg 5 - 7, fyrirhugaðar breytingar gera ráð fyrir að heimilt verði að lækka landið framan við kjallara Miklagarðs að lóðarmörkum, að byggja nýtt hús í stað rústanna af Verðanda við Heppuveg 2B, og gera aðkomutorg fyrir Miklagarð og Heppuna á þeim hluta lóðarinnar Graðaloftið stóð á.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þeir sem hafa hagsmuna að gæta geta gert athugasemdir við breytinguna til **17. apríl 2022** skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á skipulag@hornafjordur.is

*Brynja Dögg Ingólfssdóttir umhverfis- og skipulagsstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

LOFTBRÚ



Austurbrú gerir könnun til að meta hvernig Loftbrú hefur reynst. Góð svörun er lykilatriði og þitt innleg er mjög mikilvægt.

Opnaðu myndavélina á snjallsímanum þínum og beindu henni að QR-kóðanum til að opna könnunina.

Austurbrú conducts a survey to assess the air discount scheme Loftbrú. A good response is key and your input is very important.

Open the camera on your smartphone and point it to the QR code to open the survey.



Austurbrú przeprowadza tę ankietę, aby ocenić jak postrzegany jest Loftbrú. Szczere odpowiedzi na pytania w ankiecie są bardzo ważne, a wypełnienie ankiety to pomoc w rozwoju inicjatywy Loftbrú.

Otwórz aparat w smartfonie i skieruj go na kod QR aby otworzyć ankietę.

